



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Starfshópur um gerð áætlunar Reykjavíkurborgar um jafnréttismál 2023-2026

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð fer með verkefni jafnréttismála fyrir hönd Reykjavíkur og ber að sjá til þess að gerð verði áætlun fyrir nýtt kjörtímabil sem gildir árin 2023 – 2026, eins og kveður á um í 13. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála.

Starfshópur hefur verið skipaður og er verkefni hans að útbúa drög að aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum, sem lögð verði fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð í apríl 2023

Óskað er eftir að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð staðfesti meðfylgjandi erindisbréf starfshóps um gerð áætlunar Reykjavíkurborgar um jafnréttismál.

Virðingarfyllt,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnslu
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Erindisbréf

Starfshópur um gerð áætlunar Reykjavíkurborgar um jafnréttismál 2023-2026

Ábyrgðaraðili:

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Hlutverk:

Mannréttinda- og ofbeldisvarráð fer með verkefni jafnréttismála fyrir hönd Reykjavíkur og ber að sjá til þess að gerð verði áætlun fyrir nýtt kjörtímabil sem gildir árin 2023-2026. Drögin verða lögð fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð sem í framhaldi sendir áætlunina til samþykktar borgarstjórnar innan árs frá borgarstjórnarkosningum.

Starfshópurinn sem nú er skipaður vinnur að drögum að áætlun Reykjavíkurborgar um jafnréttismál eins og kveður á um í 13. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála.

Helstu verkefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Útbúa drög að aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum, sem lögð verði fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð í apríl 2023
- Útbúa markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og [lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar], þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum borgarinnar.
- Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum, m.a. hvernig starfsfólki skuli tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 6.–14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Starfshópurinn skipa:

- Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
- Joanna Marcinkowska, sérfræðingur í málefnum innflytjenda, frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
- Sigríður Finnbogadóttir, sérfræðingur í kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð, frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
- Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í hinsegin málefnum, frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Ráðgjöf/samstarf:

Skóla- og frístundasvið, velferðarsvið og mannauðs- og starfumhverfissvið Reykjavíkurborgar og aðilar utan borgarkerfis, eftir atvikum, með sérþekkingu á málefnum.

Starfstímabil:

Til vors 2023.